



## Námsgrein: Myndmennt 6. bekkur

Vikustundir: 34

Kennari: Anna Margrét Smáradóttir

Samstarfsfólk:

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
<b>2-3 kennslu- stundir</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.</li> <li>- Geti unnið með hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.</li> <li>- Beiti hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.</li> </ul>	<p>Kveikja - hvað er tvívídd og þrívídd?</p> <p>Nemendur beðnir um að byrja á verkefninu eftir ákveðnum fyrirmælum. Sjá þegar þrívíddin fæðist. Ljós og skuggi rædd.</p>	<p>Þrívíddarhendi – hjarta eða annað sem nemendum dettur í hug.</p> <p>Nemendur teikna eftir hendinni sinni á A4 blað. Gera síðan línur á það allt, þvert yfir blaðið nema yfir höndina þá eru línurnar bogalagaðar. Þetta er síðan litað og þá birtist höndin eins og hún sé upp hleypt.</p>	Mat á afurð og hversu vel tekst til við að framkalla þrívíddina.
<b>4 kennslu- stundir</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.</li> <li>- Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.</li> <li>- Geti unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.</li> <li>- Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknun og reynslu.</li> <li>- Beiti hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.</li> </ul>	<p>Kveikja – andlit, hvernig er hægt að teikna andlit?</p> <p>Hvernig skyggjum við?</p> <p>Hvernig fer mynd úr því að vera tvívíð eða flöt yfir í að vera þrívíð?</p>	<p>Sjálfsmýnd ½ ljósmynd ½ teikning.</p> <p>Kennari tekur andlitsmynd af nemendum og prentar út í svart/hvítu. Kennari sker myndina í tvennt. Nemendur velja annan bútinn til þess að líma á pappír. Síðan læra þeir að teikna rétt hlutföll á andliti. Þegar þeir eru búnir að teikna upp andlitið þá er að skyggja.</p>	Tileinkun á viðfangsefni og lokaafurð metin.
<b>3-4 kennslu- stundir</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.</li> <li>- Beiti hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.</li> </ul>	<p>Frumlitirnir skoðaðir og rætt um. 12 litahringur kynntur til sögunnar.</p>	<p>Litahringur – nemendur teikna litahringinn upp eftir fyrirmælum. Hver litur er blandaður og málaður. Gerður svokallaður 12 lita hringur.</p>	Mat á tileinkun viðfangsefnis og loka afurð.
<b>4-5 kennslu- stundir</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.</li> <li>- Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.</li> </ul>	<p>Kveikja - þarf að skapa allt með réttum litum? Má breyta? Hvað eru ævintýri? eru þau þannig</p>	<p>Ævintýralandið - nemendur setja saman mynd um sinn ævintýraheim úr mismunandi efniviði. Td má mála himininn með vatnslitum en síðan</p>	Hér verður tileinkun á fauvisma metin sem og lokaafurð.



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti unnið með hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.</li> <li>- Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknun og reynslu.</li> <li>- Geti greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu.</li> </ul>	<p>að allt getur gerst? Megum við ráða sögunni? Megum við þá líka ráða myndgerðinni í listaverkinu okkar?</p> <p>Fauvismi kynntur til sögunnar og listamenn tengdir þeirri stefnu.</p>	<p>klippa út hóla úr grænum pappír o.s.frv. Óhefðbundin notkun á litum er æskileg hér t.d gulur himinn eða fjólublár. Bleikir hólar og gulir fuglar.</p>	
<b>8-10 kennslu- stundir</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.</li> <li>- Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.</li> <li>- Geti unnið með hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.</li> <li>- Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknun og reynslu.</li> <li>- Beiti hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.</li> </ul>	<p>Kveikja – hverjir eru andstæðulitirnir? Hvað einkennir þá og af hverju eru þeir andstæður? Hvað gerir t.d grænan og rauðan að andstæðum?</p> <p>Unnið með andstæðulitina og prufur gerðar.</p> <p>Farið yfir lögmál skissuvinnu í myndlist.</p>	<p>Matisse – expressionismi. Vinna við litahringinn heldur áfram og nemendur kynnast andstæðulitum. Nemendur skoða einnig uppstoppaða fugla í þessu verkefni og æfa sig í að teikna upp eftir fyrirmynd. Hér er búið að raða borðum í hring og nemendur teikna það sem fyrir augum ber og skipta svo um sæti, 3-4 skissuteikningar. Expressionismi er kynntur og einkum Matisse og nemendur eiga að mála fuglana sína í anda Matisse. Ein skissa er valin og stækkuð uppá A2 karton. Grár, svartur og brúnn eru útilokaðir í þessu verkefni.</p>	<p>Mat á tileinkun efnis og lokaafurð. Sjálfstæði nemenda er metið í þessu verkefni.</p>
<b>3 kennslu- stundir</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.</li> <li>- Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.</li> <li>- Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknun og reynslu.</li> </ul>	<p>Kveikja - skoðum skúlptúra og leirverk eftir þekktu myndlistarmenn.</p>	<p>Leir - fuglar. Við höldum áfram með fuglana og hér leira nemendur fugla. Þeir eru síðan glerjaðir í anda matisse.</p>	<p>Lokaafurð metin.</p>



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
	- Beiti hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.			
<b>4 kennslu- stundir</b>	- Geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. - Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. - Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknnum og reynslu.	Kveikja – pappamassi kynntur fyrir nemendum. Verkefni skoðuð. Skissa upp fuglinn sinn.	Pappamassi - fugl. Við mótum fugla úr pappír og teipum til að ná forminu. Síðan er formið þakið með papparæmum og veggfóðurslími. Að lokum málaðir og skreyttir í anda matisse.	Skissur og lokaafurð metin.
<b>3-4 kennslu- stundir</b>	- Geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. - Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. - Geti unnið með hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.	Skissuvinna kennd. Nemendum sýnd raunveruleg dæmi um skissuvinnu. Kenndar aðferðir til að mæla þegar þeir eru að teikna upp eftir fyrirmynd.	Teikna uppáhalds strigaskóinn sinn – Nemendur koma með strigaskó að heiman. Stilla skónum upp fyrir framan sig og teikna hann eins og þeir sjá hann. Skissa ljósrituð og stækkuð upp. Farið ofaní með útlínutúss og skreytt með posca.	Tileinkun á fyrirætlum um skissuvinnuna. Tileinkunn á tækninni sem þarf til þess að skissa upp fyrirmyndir.
<b>5-6 kennslu- stundir</b>	- Geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. - Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. - Geti unnið með hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. - Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknnum og reynslu. - Beiti hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.	Kveikja – nemendur skoða þrykk. Kynna sér sjálfir vinnuna á bakvið þá stefnu. Ferlið kynnt fyrir þeim ásamt tækjum og tólum.	Dúkrista - fuglar. Nemendur skoða dúkristur. Hvernig er góð dúkrista unnin? Hvað ristum við í burtu og hverju höldum við eftir? Kynnt er til sögunnar línoleum dúkur og tæki notuð við dúkristur. Skissur nemenda frá því að þeir teiknuðu fuglana eru sóttar og nemendur velja sér eina til að vinna með. Kalkipappír er notaður til að teikna upp á dúkristuna.	Tileinkun á viðfangsefni og lokaafurð metin.



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
	- Geti gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.		Þegar búið að er að skera allt upp þá er að fara að þrykkja. Gamana að prófa mismunandi efni, t.d mismunandi pappír og efni.	

Niðurstöður úr einstökum þáttum námsmatsins eru birtar á [mentor.is](http://mentor.is) undir námsmat.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætlun.